



## Fundargerð

### 512. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4, Þriðjudaginn 8. október 2024.

#### Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Arna Guðbjörg Matthíasdóttir, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson og Einar Kristján Jónsson.

**Fundargerð ritaði:** Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn, klukkan 8.30

#### Fundargerðir

1. 2410002F - Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 2

1.2 2403007 - Dalbæjarstapi deiliskipulag

##### Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps - 2

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Sveitarstjórn staðfestir samhljóða ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs.**

1.3 2410017 - Laki deiliskipulag

##### Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps - 2

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Sveitarstjórn staðfestir samhljóða ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs.**

1.4 2403006 - Skaftárvellir 30-fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

##### Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps - 2

Skipulags- og umhverfisráð frestar erindinu og leggur til við umsækjanda að hann komi með tillögu að nýju húsnæði sem er í meira samræmi við núverandi götumynd.

**Sveitarstjórn staðfestir samhljóða ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs.**

1.5 2401035 - Teygingalækur 163374 vegsvæði

##### Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps - 2

Skipulags- og umhverfisráð mælist til að sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykki erindið.

**Sveitarstjórn staðfestir samhljóða ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs.**

BHS  
Ah  
AGM  
Shi-PS.



- 1.6 2410018 - Sólvellir stofnun lóðar  
**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisstjórnar Skaftárhrepps - 2**  
Skipulags- og umhverfisstjórn leggur til við sveitarstjórn Skaftárhrepps að stofnun lóðarinnar verði samþykkt.  
**Sveitarstjórn staðfestir samhljóða ákvörðun Skipulags- og umhverfisstjórnar.**
2. 2410008 - Velferðarráð Skaftárhrepps  
*Lögð fram fundargerð 3. fundar Velferðarráðs frá 26. september 2024.*  
**Fundargerð 3. fundar velferðarráðs lögð fram til kynningar.**
3. 2410010 - Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu  
*Lögð fram fundargerð 85. fundar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu frá 23. september 2024.*  
**Sveitarstjórn Skaftárhrepps, tók til umfjöllunar 1. lið fundargerðar Félags- og skólaþjónustu, vegna ráðningar verkefnastjóra farsældar. Sveitarstjórn staðfestir samhljóða fyrir sitt leiti ákvörðun stjórnar Félags- og skólaþjónustu frá 23. september 2024. Að öðru leiti er fundargerðin lögð fram til kynningar.**
4. 2410005 - Arnardrangur hses.  
*Lögð fram fundargerð 17. stjórnarfundar Arnardrangs hses. frá 20. september 2024.*  
**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**
5. 2410011 - Samtök orkusveitarfélaga  
*Lögð fram fundargerð 76. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga frá 24. september 2024.*  
**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**
6. 2410003 - Vottunarstofan Tún  
*Lögð fram fundargerð aðalfundar Vottunarstofunnar Túns ehf. frá 29. ágúst 2024.*  
**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**
7. 2410016 - Eldvilji ehf.  
*Lögð fram fundargerð stjórnar Eldvilja ehf frá 3. október 2024 ásamt ársreikningi ársins 2023.*  
**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**



## Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

8. 2410013 - Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2025 útsvar  
**Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2025 útsvarshlutfall**  
Sveitarstjóri lagði fram ákvörðun um útsvarshlutfall. Sveitarstjórn samþykkir að útsvarshlutfall verði 14,97%, sem lagður verður á tekjur manna á árinu 2025 skv. lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga og nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda.
  
9. 2410012 - Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2025 fasteignaskattur  
**Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2025 fasteignaskattur**  
Fyrir fundinum liggur, ákvörðun um fasteignaskatt fyrir árið 2025, svo sem fasteignaskattsprósentur, fjölda gjalddaga ofl.  
Sveitarstjóri lagði fram ákvörðun um fasteignaskatt vegna ársins 2025. Sveitarstjórn samþykkir eftirfarandi:  
Fasteignaskattsprósentur gilda fyrir árið 2025:  
A flokkur: 0,55%  
B flokkur: 1,32%  
C flokkur: 1,65%  
Holræsagjald: 0,25% af fasteignamati húss- og lóðar í þéttbýlinu á Kirkjubæjarklaustri.  
Gjalddagar fasteignagjalda á árinu 2025 verða eftirfarandi:  
Fasteignagjöld undir 30.000- kr. gjalddagi 1. mars. Fasteignagjöld að upphæð 30.001 til 150.000 kr. gjalddagar 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí og 1. ágúst. Fasteignagjöld 150.001 kr. og hærrí, gjalddagar 1. mars og 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september og 1. október. Eindagar fasteignagjalda verða 30 dögum eftir gjalddaga.
  
10. 2405018 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2024  
*Hækkun á stofnframlagi hjá Brák íbúðafélag.*  
Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Eignarhlutur sveitarfélagsins breytist um 11 m.kr. og lækkun á handbæru fé um sömu fjárhæð. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2024.  
Björn Helgi Snorrason vék af fundi undir þessum lið.
  
11. 2410009 - Orkusalan  
*Lagður fram samningur á milli Orkusölnunnar ehf. og Skaftárhrepps um kaup sveitarfélagsins á rafmagni til loka ársins 2029.*  
Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu, sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir samhljóða framlagðan samning um kaup á rafmagni.

BHS  
Al  
AGM  
Ski-  
J. S.



12. 2410002 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Lagt fram bréf, dagsett 30. ágúst 2024, þar sem boðað er til ársþings Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 31. október og 1. nóvember 2024.

Ákveðið hefur verið að halda ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 31. október og 1. nóvember nk. á Hótel Örk í Hveragerði. Á ársþinginu verða haldnir aðalfundir SASS, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fulltrúar Skaftárhrepps á ársþingi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga verði, Jóhannes Gissurarson, Auður Guðbjörnsdóttir og Sveinn Hreiðar Jensson, aðalmenn og til vara Gunnar Pétur Sigmarsson, Björn Helgi Snorrason og Jón Hrafn Karlsson.

13. 2410004 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Lagt fram bréf, dagsett, 6. september 2024 frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, þar sem Skaftárhreppi er boðin þátttaka í verkefni sem hefur það að markmiði að efla sjálfbæra lýðfræðilega þróun og inngildinguna erlenda íbúa á Suðurlandi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka þátt í verkefninu sem hefur það að markmiði að efla sjálfbæra lýðfræðilega þróun og inngildinguna erlenda íbúa á Suðurlandi. Fulltrúar sveitarfélagsins verða Unnur Einarsdóttir Blandon og Katrín Gunnarsdóttir.

14. 2410006 - Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Lagt fram bréf frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, dagsett 25. september 2024 ásamt fundargerð 238. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands og fleiri gögnum.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps tekur undir áhyggjur og ábendingar Heilbrigðisnefndar Suðurlands á þeim neikvæðu áhrifum sem tilfærsla heilbrigðiseftirlits til ríkisins gæti haft í för með sér. Sveitarstjórn telur að ekki hafi verið sýnt fram á það með rökum að málaflöknum sé betur fyrir komið hjá ríkinu. Jafnframt telur sveitarstjórn að skort hafi á samráð og upplýsingagjöf til sveitarfélaganna. Sveitarstjórn telur mikilvægt að ítarleg greiningarvinna varðandi áhrif þessara breytinga á íbúa og fyrirtæki verði unnin.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

15. 2410001 - Bergrísinn bs.

Lagt fram bréf, dagsett 27. september 2024 frá Bergrisanum bs. þar sem boðað er til aðalfundar þann 14. október 2024.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fulltrúar sveitarfélagsins á aðalfundi Bergrisans bs. verði: Jóhannes Gissurarson, Auður Guðbjörnsdóttir og Einar Kristján Jónsson.

BHS  
AGM  
Shi-  
PK



## Mál til kynningar

### 16. 2410007 - Samband íslenskra sveitarfélaga

Lagt fram bréf, dagsett 18. september 2024 frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, þar sem farið er yfir forsendur fjárhagsáætlana sveitarfélaga 2025 og 2026 til 2028.

#### Lagt fram til kynningar

### 17. 2406033 - Heima á Klaustri

Lögð fram drög af kynningarmyndbandi

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjóra falið að finna birtingaraðila og fá verð og birtingaráætlun frá þeim.

Fleira ekki gert  
fundi slitið kl. 10.25.

  
Jóhannes Gissurarson

  
Björn Helgi Snorrason

  
Arna Guðbjörg Matthíasdóttir

  
Auður Guðbjörnsdóttir

  
Sveinn Hreiðar Jensson